



Fréttabréf Naustaskóla

1. tölublað, 8. árgangur, 2. janúar 2015

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Kæra skólasamfélag

Árið 2014 hefur nú runnið sitt skeið og við blasir nýtt ár með nýjum fyrirheitum. Liðið ár var okkur í Naustaskóla að flestu leyti gott og fleytti okkur fram á veginn í átt að enn betri skóla. Þetta má meðal annars sjá í prýðilegum niðurstöðum í ýmsu mati sem við höfum framkvæmt eða tekið þátt í á árinu, má þar nefna kannanir Skólapúlsins síðastliðið vor, læsispróf í vor og haust og samræmd próf í haust. Við minnum á að gögn sem snúa að mati á skólastarfinu má nálgast á heimasíðu skólans enda höfum við í gegnum tíðina lagt það í vana okkar að birta þar niðurstöður til að áhugasamir geti rýnt í þær með okkur. Á nýju ári stefnum við að sjálfsgöðu á að gera enn betur en fyrr og óskum eftir liðsinni nemenda og foreldra til þess. Minnumst þess að Naustaskóli er skólinn okkar allra og það er sameiginlegt verkefni okkar að gera starfið á hverjum tíma sem ánægjulegast og árangursríkast.

Af húsnæðismálum er það að fréttu að nú á dögum var samþykkt að bjóða út framkvæmdir við starfsmannaálmú skólans og verður hún tekin í notkun í byrjun næsta skólaárs. Mun þá aðstaða starfsfólks batna verulega auk þess sem rýmkast um á öðrum svæðum í húsinu. Jafnframt er gert ráð fyrir að framkvæmdir við íþróttahús skólans hefjist á ný á haustmánuðum en væntanlega þurfum við að bíða til haustsins 2016 með að taka það í gagnið. En framtíðin er sem fyrr björt hjá okkur og útlit fyrir ljómandi gott ár framundan.

Með von um áframhaldandi gott samstarf og árangursríkt skólastarf á því herrans ári 2015!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Gjaldskrárbreytingar

Samhliða afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2015 samþykkti bæjarstjórn breytingar á gjaldskrá mótuneyta og Frístunda sem taka gildi frá og með 1. janúar, en gjaldskrárnar hækka um 4% frá þeim tíma. Verð í mótuneyti og Frístund eru nú sem hér segir:

Mötuneyti:

Stök máltíð: 551 kr. máltíðin
Annaráskrift: 411 kr. máltíðin
Annaráskrift á mjólk: 2.912 kr.
Annaráskrift á ávöxtum: 6.656 kr.

Skólavistun (Frístund):

Skráningargjald 6.860 kr. (innifalið 20 klst vistun)
Hver klukkustund eftir fyrstu 20 klst: 343 kr.
Síðdegishressing pr. dag: 130 kr.

ATH: Gengið er út frá því að þeir sem voru í ávaxta- og mólkuráskrift á haustönninni munu halda því áfram á vorönn. Við munum innheimta þau gjöld í byrjun febrúar þannig að ef um einhverjar breytingar er að ræða þarf að tilkynna þær sem allra fyrst..

Um sjálfstjórn - Sykurpúðatilraunin

Árið 1960 gerði Walter Mischel, prófessor við Stanford háskóla svokallaða sykurpúðatilraun sem ætlað var að varpa ljósi á sjálfstjórn barna. Tilraunin fór þannig fram að lögð var freisting (sykurpúði) fyrir hóp barna (4-6 ára) sem þurftu að sitja með freistinguna fyrir framan sig í heilar 15 mínútur! Þau máttu í raun borða sykurpúðann en ef þau gátu staðist það vissu þau að þau fengju annan sykurpúða að launum. Sum barnanna gátu engan veginn staðist freistinguna og gleyptu sykurpúðann um leið og tækifæri gafst á meðan önnur börn gátu setið á sér í þær 15 mínútur sem tilraunin stóð yfir.

Niðurstöður rannsókna sem gerðar voru í framhaldinu leiddu í ljós að þeim sem stóðust freistinguna gekk betur á ýmsum sviðum þegar þeir urðu full-orðnir. Nú hefur Walter Mischel gefið út bók sem nefnist **The Marshmallow Test** og þar fjallar hann meðal annars um að sjálfstjórn sé hægt að kenna, jafnvel mjög ungum börnum.

Í Jákvæðum aga er mikil áhersla lögð á sjálfstjórn og nemendum eru kenndar ýmsar leiðir til að efla sjálfstjórn sína. Nemendum er kennt hvernig heilinn virkar og hvað gerist þegar við til dæmis missum stjórn á skapi okkar, verðum reið eða hrædd. Í því samhengi er fjallað um mikilvægi þess að draga

sig í hlé þegar við erum í ójafnvægi og bíða þess að við náum aftur góðu jafnvægi til þess að ná að leysa málin. Einnig er fjallað um fjölbreyttar leiðir til þess að ná hugarró, til dæmis með kyrrðarstundum, aukinni líkamsvitund, jóga og með tónlist. Nemendur læra auk þess góðan tilfinningaorðaforða, og að staðsetja eigin tilfinningar og annarra. Á eftirfarandi slóð má Harry Wallop, pistlahöfundur hjá The Telegraph, framkvæma sykurpúðatilraunina:

<http://www.telegraph.co.uk/news/features/11117560/The-marshmallow-test-Stanford-University-experiment-that-claims-to-predict-a-childs-future-successes.html>



JÁKVÆÐUR AGI



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Janúar 2015

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
4.	5. Starfsdagur Frístund lokað	6. Ófnbakaður fiskur í mangósósu, hrísgrjón og gúrka. Ávextir. Kennsla hefst skv. stundaskrá Opíð hús 8-10b	7. Kjöt og karrý. Salatbar. Ávextir.	8. Fiskipottréttur, kartöflur og paprika. Ávextir.	9. Brokkoliosotasúpa. Brauð og salatbar. Ávextir. Rafmagnslaus morgunn	10.
11.	12. Fiskibollur, kartöflur, gúrka og grísk jógúrt dressing. Ávextir.	13. Íslensk kjötsúpa. Salatbar. Ávextir. Opíð hús 8-10b	14. Baunabuff, hrísgrjón, salat og tandoorisósa. Ávextir.	15. Viðtalsdagur (Frístund opin) (Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör)	16. Viðtalsdagur (Frístund opin) (Nautagúllas, hrísgrjón og salatbar)	17.
18.	19. Plokkfiskur og rúgbrauð. Ávextir.	20. Lasagna, hvítlauchsbrauð og gúrka. Ávextir. Opíð hús 8-10b	21. Steiktur fiskur í raspi, kartöflur, hunangs-dressing og salatbar. Ávextir.	22. Pizza og salat. Ávextir.	23. Makkarónusúpa, slátur og salatbar. Ávextir. Bóndadagur	24.
25.	26. Mexíkóskur hakkréttur, hýðishrísgrjón og gúrka. Ávextir.	27. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur/gulrætur og tómatsósa. Ávextir. Opíð hús 8-10b	28. Grísnatsel, kartöflur, brún sósa og salatbar. Ávextir.	29. Fiskur í karrýsotasúsu, hrísgrjón og salat. Ávextir. Hæfileikakeppni nemendaráðs	30. Kartöflusúpa, brauð og salatbar. Ávextir. Appelsínugulur dagur Tannverndardagurinn	31.



Kennsla að loknu jólaeyfi hefst skv. stundaskrá þriðjudaginn 6. janúar.
Viðtalsdagur verður 15.-16. janúar, foreldrar munu fá nánari upplýsingar um viðtölin á allra næstu dögum.

Gleðilegt nýtt ár!

